



ÚRVINNSLUSJÓÐUR

SÖFNUN OG ENDURNÝTING HEYRÚLLUPLASTS



KYNNING Á FYRIRKOMULAGI



JÚNÍ 2004

ALMENNT

Til Íslands eru árlega flutt 1600-1800 tonn af heyrúlluplasti. Hingað til hefur því ekki verið safnað skipulega. Megninu hefur verið hent á sorphauga eða verið brennt. Urðun plasts eða brennsla heima á bæjum er nú með öllu óheimil samkvæmt mengunarvarnareglugerð. Til að standa undir kostnaði við skipulega söfnun og endurnýtingu heyrúlluplasts hefur verið lagt á sérstakt úrvinnslugjald.

Fram til þessa hefur söfnun og þjónusta sveitarfélaga við bændur verið með ýmsu móti. Sums staðar er heyrúlluplast tekið á 7 – 10 daga fresti ásamt sorpi, því ekið á urðunarstað og urðað þar. Annars staðar hafa sveitarfélög samið við verktaka um að sækja plast til bænda árlega eða tvisvar á ári. Sums staðar fer pressubíll milli bæja og þjappar í sig plasti. Annars staðar hafa bændur sett plast í stórsekki undan áburði eða búið til bagga með því að leggja bönd í fiskker, þjappa plasti niður í keru og hnýta síðan böndin um baggann sem þannig verður til. Einhverjir bændur munu hafa bundið plastið í rúllubagga með eigin bindivélum. Lítilsháttar hefur verið endurunnið af plasti héraðs og einhverju verið brennt í sorpstöðvum.

Úrvinnslusjóður hyggst koma upp fyrirkomulagi sem heldur opnum þeim leiðum sem nú þegar eru í gangi en opnar bændum einnig leið til að koma meira að endurvinnslu heyrúlluplasts en þeir gera í dag – ef áhugi er fyrir hendi.

Með endurnýtingu heyrúlluplasts er átt við hvers konar endurvinnslu þar sem til verður seljanleg vara, t.d. hráefni fyrir plastframleiðslu, eða brennslu þar sem orkan er nýtt. Ein algeng tegund plasts er „polyethylen“ (PE). Heyrúlluplast er framleitt úr því. Baggabönd og flestir stórsekkir (fyrir áburð) eru úr annarri tegund plasts, „polypropylen“ (PP). Sumar plasttegundir eru hæfar til endurvinnslu í þeim skilningi að hægt er að bræða plastið og framleiða úr því nýja vöru, t.d. nýtt heyrúlluplast. Til þess þarf plastið að vera sem hreinast og án aðskotahluta. Heykusk á rúlluplasti er þvegið af hjá endurvinnslufyrirtækjum. Mikilvægt er að blanda ekki saman ólíkum plasttegundum ef endurvinnsla á að vera möguleg.

Í ljósi ofangreinds er haft að leiðarljósi að framkvæmd geti verið með ýmsu móti. Staðhættir, óskir bænda og vilji sveitarfélags munu hafa áhrif á hvaða leið er farin í hverju héraði. Einnig er haft að leiðarljósi, að frágangur plasts hjá bændum skiptir hvað mestu máli um verðmæti plastsins í endurvinnslu. Þannig geta bændur með sínu verklagi og vinnuframlagi haft fjárhagslegan ávinning af fyrirkomulaginu, beint eða óbeint.

„Bóndi“ er hér notað um þá sem heyrúlluplast fellur til hjá. Heyrúlluplast fellur einnig til hjá t.d. hestaeigendum en til einföldunar á texta kallast þeir hér einnig bændur.

„Ráðstöfunaraðili“ er sá sem tekur við heyrúlluplasti til endanlegrar endurnýtingar eða förgunar. Hann getur verið t.d. sorpbrennslustöð, innlent eða erlent plastvinnslufyrirtæki, eða urðunarstaður ef gæði plastsins eru slök.

ÚRVINNSLUGJALD OG ÚRVINNSLUSJÓÐUR

Í lögum um úrvinnslugjald segir m.a.:

„Til að stuðla að úrvinnslu úrgangs skal leggja úrvinnslugjald á vörur, eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum þessum. Leggja skal úrvinnslugjald á vörur hvort sem þær eru fluttar inn til landsins eða framleiddar hér á landi.

Úrvinnslugjald skal standa undir kostnaði við meðferð flokkaðs úrgangs á söfnunarstöð, flutning hans frá söfnunarstöð til móttökustöðvar eða endurnýtingarstöðvar, enda hafi verið

greitt úrvinnslugjald af vörunum. Þá skal gjaldið standa undir endurnýtingu úrgangsins og förgun hans eftir því sem við á... ”.

Lög um úrvinnslugjald eru nr. 162/2002, með síðari breytingum. Reglugerð nr. 227/2003 fjallar nánar um framkvæmd laganna. Úrvinnslusjóður annast framkvæmd laganna. Lögin má nálgast á vef Alþingis: www.althingi.is eða á vef Úrvinnslusjóðs: www.urvinnslusjodur.is/.

Úrvinnslugjaldi, sem innheimt er af innfluttu heyrúlluplasti, er ætlað að standa undir kostnaði vegna meðhöndlunar notaðs heyrúlluplasts og þeim kostnaði sem hlýst af endurnýtingu þess. Úrvinnslusjóður kemur ekki að þessu ferli á annan hátt en að leggja línur í formi skilmála fyrir þá sem hyggjast þjóna sjóðnum við að safna heyrúlluplasti og koma því í endurnýtingu á viðurkenndan hátt.

FYRIRKOMULAG

Frá því að plast er tekið utan af heyrúllu uns það er endurnýtt í plastvinnslu eða til orkuvinnslu er langur vegur sem samanstandur af nokkrum þáttum. Fyrstu þættirnir snúa að bóndanum. Mikilvægt er að plastið sé eins hreint og kostur er og laust við aðskotahluti. Mjög skítugt plast eða plast sem illa er frá gengið getur verið óhæft til endurnýtingar og því lent í urðun. Þannig er frágangur bóndans á plasti, sem tekið er utan af heyrúllu, ákvarðandi fyrir hvaða möguleikar eru á endurnýtingu plastsins.


Flutningur heyrúlluplasts frá bónda til ráðstöfunaraðila getur verið á vegum sveitarfélags, bónda eða verktaka sem er á höttunum eftir plasti.

Frágangur á plasti fer eftir því hvernig ráðstöfunaraðilinn hyggst endurnýta plastið. Þessi frágangur getur verið allt frá lauslegri pökkun til stífpressaðra bagga. Böggun getur farið fram hjá umboðsaðila erlends ráðstöfunaraðila, flutningsaðila, þjónustuaðila eða bóndanum sjálfum, allt háð aðstæðum.

Ljóst er að af öllum þessum þáttum er tilkostnaður. Bóndinn þarf að hafa fyrir því að halda plastinu sér og geyma það. Sveitarfélögin skulu skv. lögum (55/2003) sjá um að starfræktar séu móttöku- og söfnunarstöðvar þar sem meðal annars er möguleiki að taka á móti plasti og halda því til haga. Flutningar kosta sitt og greiða þarf fyrir förgun/endurnýtingu, mismikið eftir því hvaða aðferð er notuð. Urðunarstaður þarf t.d. að urða án þess að fá nokkuð til baka og innheimtir því urðunargjald. Sorpbrennsla hefur kostnað af sinni starfsemi en fær þó orku til baka – sorpbrennslur innheimta samt förgunargjald. Plastendurvinnslufyrirtækið hefur kostnað af sinni starfsemi en getur selt sínar afurðir. Plastendurvinnslufyrirtæki innheimta samt móttökugjald til að standa straum af miklum kostnaði við hreinsun og þurrkun. Enn sem komið er hefur ekki fundist aðili/aðferð sem greitt getur fyrir heyrúlluplast heldur þarf að borga með því.

Til einföldunar mun Úrvinnslusjóður eingöngu greiða einum aðila fyrir hverja einingu af plasti sem fargað er [kr/kg]. Þjónustuaðili (eða bóndi) skilar plasti til ráðstöfunaraðila og fær hjá honum kvittun fyrir móttöku á heyrúlluplasti. Gegn framvísun kvittunarinnar fær hann greitt frá Úrvinnslusjóði eftir gjaldskrá sjóðsins, [kr/kg]. Þessi aðili greiðir síðan öðrum aðilum fyrir þeirra verkþátt og heldur eftir hluta fyrir sinn þátt.

Hér á eftir eru settar fram 3 mismunandi leiðir sem heyrúlluplast getur ratað á leið frá bónda til ráðstöfunaraðila.


**LEIÐ 1****BÓNDI GENGUR FRÁ SÍNU PLASTI OG KEMUR ÞVÍ TIL ENDURNÝTINGARAÐILA**

Bændur (eða samtök þeirra, búnaðarfélag, búnaðarsambönd) geta skilað heyrúlluplasti beint til ráðstöfunaraðila. Bóndinn semur við ráðstöfunaraðilann um fyrirkomulag. Plastið fer um LEIÐ 1 á myndinni.

Bóndinn og ráðstöfunaraðilinn koma sér saman um frágang á plastinu, svo sem leyft magn aðskotahluta, baggabanda o.s.frv. og hvort plastinu skuli innpakkað í rúllubagga, ferkantaðan bagga eða t.d. í áburðarpoka. Bóndinn sér um allt ferlið frá því plastið fellur til uns það er komið til ráðstöfunaraðila (eða umboðsaðila hans), sem gefur úr móttökukvittun og vigtarnótu (VOG 2). Úrvinnslusjóður greiðir bóndanum, en bóndinn greiðir fyrir flutning, vigtun og ráðstöfun.

Ekkert mælir á móti því að tveir eða fleiri bændur taki sig saman undir nafni eins þeirra en þeir skipta þá kostnaði og greiðslum sín á milli án aðkomu Úrvinnslusjóðs. Hafa skal þó í huga reglur um smíðun (sjá að aftan).

Ekki er ólíklegt að erlend plastendurnýtingarfyrirtæki hafi í framtíðinni umboðsaðila héraðs sem myndu þá þjóna sama hlutverki gagnvart bónda og Úrvinnslusjóði og ráðstöfunaraðilinn.

**LEIÐ 2****VERKTAKAR SAFNA PLASTI AF BÆJUM, LÍKT OG VÍÐA ER GERT Í DAG.**


Þjónustuaðila er heimilt að sækja heyrúlluplast beint til einstakra bænda.

Hugsanlega vill sveitarfélag bjóða bændum þá þjónustu að heyrúlluplast verði sótt til þeirra t.d. tvisvar eða þrisvar á ári. Ekkert mælir á móti því að sveitarfélagið semji við þjónustuaðila um eitthvert fyrirkomulag þar sem þjónustuaðilinn endar á að skila plastinu til ráðstöfunaraðila gegn móttökukvittun. Þjónustuaðillinn fær þá greitt frá Úrvinnslusjóði en að auki hugsanlega þjónustugjald frá sveitarfélaginu. Þannig nýtist greiðsla Úrvinnslusjóðs sveitarfélaginu til að viðhalda mikilli þjónustu við bændur. Eina skilyrði Úrvinnslusjóðs er að sá aðili sem sveitarfélagið semur við sé skráður þjónustuaðili hjá Úrvinnslusjóði.

VOG 1 er til að sjá hvað berst til þjónustuaðila frá bændum í hverju héraði. Ekki er ætlunin að vigta plast frá hverjum bónda heldur einungis plast af heilum svæðum.

VOG 2 sýnir hve miklu þjónustuaðili skilar til ráðstöfunaraðila. Úrvinnslusjóður greiðir þjónustuaðilanum gegn vigtarseðli og móttökuyfirlýsingu frá skráðum ráðstöfunaraðila.

Hvorki sveitarfélag né bóndi fá greiðslu frá Úrvinnslusjóði en sveitarfélagið gæti lækkað sorphirðugjöld bænda, vegna greiðslu Úrvinnslusjóðs til þjónustuaðila.



LEIÐ 3 SVEITARFÉLÖG REKA SÖFNUNARSTÖÐVAR SEM BÆNDUR SKILA TIL - VERKTAKAR SÆKJA PLAST TIL SÖFNUNARSTÖÐVA

Sveitarfélög reka söfnunarstöðvar víðs vegar um landið. Þar er tekið á móti úrgangi frá einstaklingum og lögaðilum samkvæmt nánari reglum þar um. Stöðvarnar eru ýmist mannaðar eða ómannaðar. Sveitarfélögin hafa þá skyldu á herðum að taka við heyrúlluplasti frá þeim bændum sem óska eftir að losna við plastið í söfnunarstöð. Á söfnunarstöðvum er móttæknu heyrúlluplasti haldið til haga, flokkuðu frá öðru sorpi og geymt uns þjónustuaðili Úrvinnslusjóðs tekur það. Hugsanlega verður þar gerður greinarmunur á endurnýtanlegu plasti og ekki endurnýtanlegu.

„Þjónustuaðili“ er hver sá sem safnar plasti og kemur því til endurnýtingar eða förgunar. Dæmigerður þjónustuaðili gæti verið gámaþjónustufyrirtæki, sorphirðufyrirtæki eða verktaki sem hefur yfir að ráða flutningatækjum. Þjónustuaðilinn semur við söfnunarstöðvar sveitarfélaga, sér um flutning heyrúlluplasts frá þeim, flokkar, (for)vinnur og kemur síðan (for)unnu heyrúlluplasti til ráðstöfunaraðila sem endurnýtir plastið eða urðar ef það er ekki hæft til endurnýtingar.

Þjónustuaðili vigtar plast frá söfnunarstöð(vum) hvers sveitarfélags (VOG 1). Þessi vigtun er grundvöllur greiðslu Úrvinnslusjóðs til sveitarfélagsins fyrir þjónustu þess í söfnunarstöðinni.

Þjónustuaðilinn forvinnur hugsanlega plastið, t.d. með því að bagga það, og kemur því til ráðstöfunaraðila sem endurnýtir það.

Ráðstöfunaraðilinn gefur úr móttökukvittun og vigtarnótu (VOG 2) sem þjónustuaðilinn framvísar hjá Úrvinnslusjóði – og fær þjónustuaðilinn þá greiðslu fyrir.

Þjónustuaðilinn greiðir ráðstöfunaraðilanum fyrir móttökuna.

Úrvinnslusjóður greiðir sveitarfélaginu fyrir aðstöðu í söfnunarstöð samkvæmt upplýsingum frá þjónustuaðila (VOG 1).

Bóndinn ber kostnað af sinni heimavinnu og af flutningi plastsins til söfnunarstöðva sveitarfélags.

ÝMIS ÁKVÆÐI OG SKYLDUR – ÓHÁÐ HVAÐA LEIÐ ER VALIN

Allir þjónustuaðilar, allir ráðstöfunaraðilar og þeir bændur, sem vilja skila beint til ráðstöfunaraðila, sækja um til Úrvinnslusjóðs og undirgangast tilheyrandi skilmála. Umsóknin og afgreiðsla hennar hjá Úrvinnslusjóði er umsækjendum að kostnaðarlausu.

VOGIR 1 geta verið hjá þjónustaðilum og VOGIR 2 hjá ráðstöfunaraðilum. Einnig geta þessar vogir verið næsta hafnarvog eða önnur löggilt vog sem aðilar verða ásáttir um að nota.

Bændur sem notendur/kaupendur heyrúlluplasts greiða úrvinnslugjald sem innifalið er í verði plastsins (opinberum gjöldum af því). Það er því hagur bænda að kostnaður við förgun plastsins haldist sem lægstur þar sem úrvinnslugjaldinu er ætlað að standa undir þessum kostnaði.

Til að gera endurnýtingu mögulega er mikilvægt að bændur gangi vel um plast sem fellur til hjá þeim. Mikilvægt er að hreinsa plastið sem best (hrista vel) eftir að það hefur verið tekið utan af heyinu og lágmarka þannig það hey sem eftir verður í plastinu. Allir aðskotahlutir, svo sem jarðvegur, timburbútar, málmhlutir eða baggabönd gera endurvinnslu dýrari. Flutningur og öll meðhöndlun á leið frá bónda til ráðstöfunaraðila verður ódýrari ef búið er að setja notaða heyrúlluplastið í t.d. áburðarsekki eða ef búið er að rúlla því saman og binda það inn eins og hey í heyrúlluplast.

Þjónustuaðili sér um að taka plast sem safnast hefur á söfnunarstöðvum sveitarfélaga og koma því til viðurkennds ráðstöfunaraðila. Hann undirgengst skilmála Úrvinnslusjóðs þar sem m.a. kemur fram hvaða landssvæði hann hyggst þjóna. Hann hefur þær skyldur að losa að lágmarki árlega hjá hverri söfnunarstöð viðkomandi landssvæðis en einnig ef óskað er tíðari losunar vegna mikils magns af plasti.

Heyrúlluplast frá hverri söfnunarstöð skal vigta á löggilttri vog. Þessi vigtun er grundvöllur söfnunarstöðvagjalds sem Úrvinnslusjóður greiðir viðkomandi söfnunarstöð/sorpsamlagi, beint og án milligöngu þjónustuaðila, fyrir meðhöndlun og geymslu. Þjónustuaðili hefur með höndum þessa vigtun fyrir hönd Úrvinnslusjóðs.

Þjónustuaðilinn sér um flutninga frá söfnunarstöðvum til ráðstöfunaraðila og samninga við þá. Gegn kvittun frá ráðstöfunaraðila, um móttekið magn, fær þjónustuaðilinn greitt [kr/kg] frá Úrvinnslusjóði. Sú greiðsla er fyrir hans vinnuframlag og til greiðslu förgunarkostnaðar hjá ráðstöfunaraðilanum. Þjónustuaðilinn gerir upp við ráðstöfunar- aðila.

Ráðstöfunaraðilar sjá um endurnýtingu plastsins. Endurnýtingin getur t.d. falist í endurvinnslu eða brennslu til orkunýtingar. Vigtun inn til ráðstöfunaraðila á löggilttri vog er grundvöllur greiðslu til þjónustuaðila. Þessi vog getur verið hvort sem er löggilt vog í starfsstöð ráðstöfunaraðilans eða önnur löggilt vog t.d. hafnarvog, sem samningsaðilar verða fyrirfram ásáttir um að nota. Ráðstöfunaraðili fær aldrei greitt beint frá Úrvinnslusjóði.

Sóttvarnayfirvöld hafa ekki enn sett reglur um flutning plasts milli landssvæða, en málið er í athugun. Hér á eftir fara fyrstu tillögur yfirdýralæknis um reglur til að fyrirbyggja eða draga úr smithættu, þegar verið er að flytja smitmengað efni eða hugsanlega smitmengað efni eins og rúlluplast af heyi, sem ætlað er til endurnýtingar.

1. Plasti frá mismunandi stöðum sé ekki safnað heim á staði, þar sem búfé hefur aðgang. Því skal t.d. alls ekki safnað heima við sveitabæi.

-
2. Flutningstæki séu þrífín reglulega á viðurkenndum stöðum til slíks til að minnka hættu á smitburði. Passa skal að ekkert hrynji af tækjunum eða sé skilið eftir þar sem flutningstækin koma.
 3. Hlífðarföt starfsmanna séu þrífín reglulega með viðeigandi sótthreinsandi efnum.
 4. Þeir sem starfa að söfnun plasts frá mismunandi stöðum fari ekki inn í gripahús til að taka plastið heldur hafi bændur áður komið því fyrir utan dyra.

Gert er ráð fyrir að skilmálar Úrvinnslusjóðs fyrir söfnun og endurnýtingu heyrúlluplasts verði auglýstir í ágúst mánuði 2004.